

---

## Vatnsból, Sveitarfélagið Vogar

### Ákvörðun um matsskyldu

---

#### 1 INNGANGUR

Þann 21. september 2020 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Sveitarfélaginu Vogum um fyrirhugað vatnsból samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.25 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Sveitarfélagsins Voga, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

#### 2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Vatnsból, Sveitarfélagið Vogar. Fyrirspurn um matsskyldu. Sveitarfélaginu Vogum, september 2020.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Sveitarfélaginu Vogum með tölvupósti dags. 19. október 2020.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja með tölvupósti dags. 25. september 2020.
- Minjastofnun Íslands með tölvupósti dags. 7. október 2020.
- Náttúrufræðistofnun Íslands með tölvupósti dags. 9. október 2020.
- Orkustofnun með tölvupósti dags. 15. október 2020.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 9. október 2020.
- Vegagerðinni með tölvupósti dags. 21. október 2020.

Frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila bárust með tölvupósti 23. október 2020.

#### 3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fyrirhuguð framkvæmd felst í nýju vatnsbóli fyrir þéttbýlið Voga á Vatnsleysuströnd. Vatnsbólið verður um 800 metra sunnan af Reykjanesbraut og felur í sér borun borhola, byggingu dæluhúss, lagningu þjónustuvegs og lagningu stofnæðar vatnsveitu að núverandi stofnlögn.

Gert er ráð fyrir að bora tvær borholur sem verða um 45 m djúpar og fódraðar niður á 15 m dýpi. Gert er ráð fyrir að dæla upp allt að 50 l/s úr þessum tveimur holum en gert er ráð fyrir að sótt verði um nýtingarleyfi uppá 100 l/s ef þörf verður á frekari stækkun.


Dæluhús verður reist yfir áætlaðar borholur og verður það að hámarki 120 m<sup>2</sup>. Húsið verður niðurgrafið og hlaðið yfir húsið með hrauni og mosa og reynt verður að staðsetja dæluhús og borholur á röskuðu hraunsvæði.

Áætlað er að leggja allt að 750 m langan malarborinn þjónustuveg sem verður 5,5 m á breidd. Vegurinn verður á 200 m kafla lagður í gamlan skriðdrekaslóða og á um 550 m meðfram þjóðleiðinni Skógafellsvegi. Almenn umferð um veginn verður óheimil.



Stofnlögn verður lögð um 1.500 m frá brunnsvæði að núverandi stofnlögn Vogar. Lögnin mun liggja meðfram þjónustuvegi og eftir það niður að núverandi undirgöngum undir Reykjanesbraut að Stapavegi og meðfram honum að núverandi stofnlögn. Lagnaskurður verður allt að 2 m breiður og gert er ráð fyrir rafstrengjum og fjarskiptalögnum í lagnaskurðinum.

Efnispörf vegna framkvæmdarinnar er áætluð um 7.600 m<sup>3</sup> og verður efni í slóða og borplan tekið úr námunni í Stapafelli og fylling til að hylja pípu hugsanlega tekið úr jarðvegstípp innan bæjarmarka Vogar.



Mynd 1. Staðsetning áætlaðs vatnsbólís ásamt lagnaleið, nýs þjónustuvega og afmörkuðu brunn og grannsvæði vatnsbólísins.



## 4 UMHVERFISÁHRIF

### Jarðmyndanir og gróður

Fram kemur í greinargerð framkvæmdaraðila að verndargildi jarðminja á svæðinu sé metið hátt. Fyrirhugað vatnsból er innan svæðis á náttúruminjaskrá, Seltjörn, Snorrastaðatjarnir og hluti Hrafnagjár, m.a. vegna grósku mikils gróðurs og sem mikilvægur áningastaður farfugla að vori og hausti. Svæðið fellur jafnframt undir hverfisvernd samkvæmt aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga. Gróður á svæðinu einkennist af mosa- og lyngvistgerðum sem eru með miðlungs hátt verndargildi. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er á Þráinsskjaldarhrauni sem myndi verðmæta landslagsheild. Framkvæmdir munu raska hrauni á u.þ.b. 7.500 m<sup>2</sup> svæði. Framkvæmdasvæði er að stórum hluta raskað nú þegar. Áætlað er að ummerki vegna lagningarinnar muni afmást á um áratug þegar gróður hefur náð þar fóttfestu á ný. Sýnilegt rask til lengri tíma mun verða vegna þjónustuvegar og dæluhúss á um 4000 m<sup>2</sup>.

Umhverfisstofnun telur ekki koma skýrt í greinargerð framkvæmdaraðila hvert sé markmið vatnstökunnar og að ríkir almannahagsmunir þurfi að liggja til grundvallar eigi að raska Þráinsskjaldarhrauni sem njóti verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Þá bendir stofnunin einnig á að forðast skuli að eyða eða spilla gróðri með mosa-, lyng- eða hrisrifi samkvæmt náttúruverndarlögum og telur stofnunin æskilegt að framkvæmdir fari fram utan þess tíma sem farfuglar halda til á svæðinu. Þá telur Umhverfisstofnun að áhrif framkvæmdar séu óafturkræf og talsvert neikvæð en staðbundin. Jafnframt telur stofnunin að fjalla hefði mátt betur um valkosti varðandi lagningu vegar og stofnlagnar og bendir á að mikilvægt sé að halda raski á hrauni í lágmarki. Þá telur Umhverfisstofnun einnig að fjalla hefði átt um staðsetningarkosti borholunnar þ.e. valkostum merktum VB-2 í gildandi aðalskipulagi og valkosti V2 í viðauka 1 með greinargerð.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að tilgangur framkvæmdar sé að tryggja íbúum sveitarfélagsins Voga aðgang að heilnæmu og öruggu neysluvatni. Núverandi vatnsból hafi frá upphafi verið fyrirhugað til bráðabirgða enda liggja Reykjanesbrautin um grannsvæði vatnsverndar fyrir núverandi vatnsból og því sé fyrir hendi hætta á að neysluvatnið mengist. Þegar staðsetning vatnsbóls á aðalskipulagsupprætti VB-2 var valin lágu ekki fyrir rannsóknir á grunnvatni til grundvallar staðsetningunni. Könnunarhola V2 hafi verið boruð árið 2015 til að meta staðsetningu vatnsbóls og könnunarhola ST-1 sem var boruð árið 2017 hafi verið talin ákjósanlegri með tilliti til staðsetningar þar sem hún sé fjær Reykjanesbraut og því minni hætta á mengun. Ekki verði komist hjá því að raska hrauninu en framkvæmdin er fyrirhuguð á þegar röskuðu svæði sem sé hlutfallslega lítill hluti af hinu víðáttumikla hrauni. Því hafi verið valin leið sem dragi úr áhrifum á öröskuðu hrauni.

### Grunnvatn

Fram kemur í greinargerð framkvæmdaraðila að grunnvatnsaðstæður séu þannig að ferskvatn flýtur ofan á jarðsjó í berginu. Samkvæmt rannsókn ÍSOR sem framkvæmdi líkanútreikninga verður niðurdráttur tæplega 1 cm í ferskvatnslaginu við 50 l/s. Jafnframt var prófað að keyra líkan með 100 l/s vatnstöku úr ferskvatnslaginu og reyndust áhrifin einnig lítil þá.

Í umsögn Orkustofnunar er ekki gerð athugasemd við tilkynninguna en þó telur stofnunin að æskilegt hefði verið að gera nánari grein fyrir forsendum og niðurstöðum líkanreikninga um áhrif vatnstökunnar í greinargerð framkvæmdaraðila.

Fram kemur í svörum framkvæmdaraðila að í rannsókn Vatnaskila frá árinu 2015 hafi verið notast við grunnvatnslíkan fyrir Reykjaneskaga til að reikna m.a. áhrif vatnstöku á grunnvatnsborð (niðurdráttur). Var gert ráð fyrir tveimur kostum á staðsetningu vinnslunnar, nefndir V1 og V2, og mismunandi umfangi vatnstöku (25, 50 og 100 l/sek). Niðurstöður líkanreikninganna gefa til kynna



að þar sem vatnstakan verður rennur nokkuð öflugur grunnvatnsstraumur um svæðið og til sjávar í Vogavík. Mesti reiknaði niðurdráttur var innan við 2 cm.

Fram kemur í umsögn Umhverfisstofnunar að ekki sé ljóst hver áhrif framkvæmdar verði á lífríki Snorrastaðatjarnar sem sé á náttúruminjaskrá m.a. vegna gróskumikils gróðurs og sem mikilvægur áningastaður farfugla. Þá telur Umhverfisstofnun mikilvægt að gengið verði út skugga um að vatnstakan hafi ekki áhrif á grunnvatnsborð Snorrastaðatjarna með vöktun áður og eftir að framkvæmdir hefjast.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að samkvæmt ÍSOR bendi líkanreikningar Vatnaskila á niðurdráttaráhrifum vatnstöku á svæðinu við Snorrastaðatjarnir til þess að svæðið þoli afar mikið vatnsnám. Tjarnirnar eru litlar og grunnar og í þeim gætir áhrifa flóðs og fjöru. Þá gætir einnig áhrifa úrkomu á vatnsstöðu. Það bendi til þess að náttúrulegar sveiflur á vatnsborði tjarnanna séu allnokkrar og talsvert meiri en sem nemur áætlaðri lækun grunnvatnsborðs vegna vatnstöku. Miðað við staðsetningu vatnsbóls árið 2015 (V2) var gert ráð fyrir að 50l/sek vinnsla lækki ferskvatnslag um 0,8 cm við vatnstökustað og minna en 0,7 cm við Snorrastaðatjarnir, þó að endanleg staðsetning vatnsbóls (ST1) sé fjær Reykjanesbrautinni, austan við Snorrastaðatjarnir, þá má gera ráð fyrir svipuðum áhrifum af vatnstökunni þar og telur framkvæmdaraðili ekki ástæðu til að vakta tjarnirnar.

### **Ásýnd og landslag**

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að svæðið sem áætlað vatnsból verður staðsett á er víðáttumikið og einsleitt. Svæðið er skammt sunnan Reykjanesbrautar og er hún sýnileg ef horft er til norðurs frá áætluðu vatnsbóli. Fjölförnustu staðir í nágrenni framkvæmdasvæðisins eru Reykjanesbraut og Skógfellavegur. Einnig er útivistarsvæðið við Háabjalla nálægt. Byggingarreiturinn er staðsettur í lægð í landslaginu á milli tveggja misgengja og skýlir misgengið sjónlínu frá Reykjanesbraut. Stefnt er að því að dæluhúsið verði niðurgrafið og hlaðið yfir húsið með hrauni og mosa til að draga úr sýnileika þess. Einna helst verða ásýndaráhrif á göngumenn sem eiga leið um Skógfellaveg sem eiga eftir að verða varir við þjónustuveg og niðurgrafna lagnaleið. Fram kemur að mögulegt sé að brunnsvæði verði girt af og ef af því verði þá sé svæðið langt frá svæðum sem almenningur fari mikið um.

Umhverfisstofnun telur að draga megi verulega úr áhrifum á ásýnd og landslag með því að haga lögun, efnisvali og lit mannvirkis til að það falli sem best að landslagi. Mikilvægt sé að vandaður frágangur tryggi að ummerki verði sem minnst að framkvæmdum loknum. Þá sé mikilvægt að nýta staðargróður s.s. hraungambra við uppgræðslu þar sem almennar tegundir til uppgræðslu, líkt og grös, eigi ekki við á þessu svæði og myndu skera sig úr og valda neikvæðum áhrifum á ásýnd.

Fram kemur í svörum framkvæmdaraðila að dæluhús verði niðurgrafið í lægð milli tveggja misgengja til að lágmarka sýnileika. Jafnframt verður hlaðið yfir húsið með hrauni og móa til að daga úr sýnileika enn frekar. Þá verði staðargróðri haldið til haga og hann nýttur til uppgræðslu.

### **Meningarminjar**

Fram kemur að fornleifaskráning hafi farið fram á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og að fundist hafi sjö fornminjar á lagnaleið. Er um að ræða 6 vörður og Skógfellaveg. Skógfellavegur er fyrrum þjóðleið til Grindavíkur og flestar vörðurnar eru við veginn eða fjórar talsins. Ljóst er að fornleifarnar eru í stórhættu og að fyrirséð að þeim verði raskað við framkvæmdina.

Minjastofnun telur að skoða þurfi þann möguleika að breyta staðsetningu vatnslagnarinnar frá borholum að núverandi stofnlögn til að hlífa Skógfellavegi og vörðum við veginn. Jafnframt minnir stofnunin á að sækja þarf um leyfi til stofnunarinnar sbr. lög um menningarminjar og kunni slíkt leyfi að vera háð skilyrðum.



Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að á framkvæmdasvæðinu hefur Skógfellavegi þegar verið raskað og að líklegt sé að vörður við veginn séu ekki fornar. Engum minjum verði þó raskað nema með fengnu leyfi Minjastofnunar.

## 5 SKIPULAG OG LEYFI

Breyting var gerð á Svæðisskipulagi Suðurnesja 2008- 2024 sem fól í sér m.a. breytta afmörkun á vatnsverndarsvæði Sveitarfélagsins Voga.

Framkvæmd er ekki í samræmi við Aðalskipulag Sveitarfélags Voga. Áður en framkvæmdaleyfi verður veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Voga 2008-2028.

Tillaga að deiliskipulagi nýs vatnsbóls ásamt afmörkun brunns- og grannsvæða er í skipulagsferli.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Voga skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi auk byggingarleyfis sveitarfélagsins skv. lögum um mannvirki og byggingarreglugerð. Einnig starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja skv. lögum um hollustuhætti og skv. reglugerð um neysluvatn. Þá er framkvæmdin háð nýtingarleyfi Orkustofnunar skv. lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Þá getur framkvæmdin eftir atvikum verið háð leyfi Minjastofnunar Íslands samkvæmt lögum um menningaminjar.

## 6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða nýtt vatnsból til öflunar neysluvatns fyrir Sveitarfélagið Voga. Framkvæmdin felur í sér tvær borholur auk dæluhúss, þjónustuvegar og lagningu stofnlagnir vatnsveitu að núverandi stofnlögn. Núverandi vatnsból er staðsett við lóðarmörk fiskeldisstöðvar í Vogavík og var frá upphafi ætlað til bráðabirgða. Brunnsvæði verður afmarkað umhverfis borholurnar í samræmi við reglugerð um neysluvatn. Gert er ráð fyrir þjónustuvegi frá brunnsvæði vatnsbólsins að núverandi þjónustuvegi Suðurnesjalínu. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10.25 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

### Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar og nýtingu náttúruauðlinda, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Framkvæmdinni er ætlað að tryggja íbúum sveitarfélagsins Voga öruggt og heilnæmt neysluvatn. Reykjanesbraut liggur um grannsvæði núverandi vatnsbóls sem staðsett er við lóðarmörk fiskeldisstöðvar í Vogavík. Staðsetning núverandi vatnsbóls er óæskileg með tilliti til mengunarhættu. Sótt er um leyfi á vinnslu á 100 l/sek af neysluvatni. Með hliðsjón af fyrirliggjandi rannsóknum telur i Skipulagsstofnun litlar líkur á að vinnsla neysluvatns af þessu umfangi sé líkleg til að hafa áhrif á grunnvatnsstöðu eða jafnvægi ferskvatnslinsu og jarðsjós. Því telur Skipulagsstofnun að þeir þættir sem falla undir eðli framkvæmdarinnar kalli ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

### Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem verndarákvæðum, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, vegna fornleifa eða alþjóðlegra viðmiða. Einnig ber að líta til álagspóls náttúrunnar, einkum með tilliti til votlendissvæða, sérstæðra jarðmyndana og landslagsheilda sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.



Fyrirhugaðar framkvæmdir eru á svæði sem nýtur verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga og sem ber að forðast að raska nema brýna nauðsyn beri til. Þá er vatnsból, brunnsvæði og hluti grannsvæðis á svæði sem er á náttúruminjaskrá. Þá nýtur sama svæði og er á náttúruverndarskrá einnig hverfisverndar í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga. Skilmálar hverfisverndar eru að stefnt skuli að friðlýsingu svæðisins sem fólkvangs. Þá er fyrirhugað framkvæmdarsvæði innan fjarsvæðis núverandi vatnsbóls í Vogavík. Innan framkvæmdarsvæðis eru fornminjar sem verða fyrir áhrifum, gömul þjóðleið og sex vörður. Fjórar af sex vörðum eru við Skógafellsveg og er talið hugsanlegt að þær hafi verið hlaðnar af göngufólki í seinni tíð en hafi að fengið að njóta vafans og verið teknar með á fornleifaskrá. Varða nyrst á framkvæmdarsvæði, um 250 m frá Stofnfiski, er talin hafa verið hlaðin til dægrastyttingar og er ekki staðsett við þekktar leiðir eða á landamerkjum. Varða syðst á framkvæmdarsvæði er staðsett á gömlu æfingarsvæði hersins og er líklega ung og ógróin og er hugsanlegt að hún hafi verið hlaðin sem undirstaða fyrir skotmið. Skipulagsstofnun tekur undir umsögn Minjastofnunar um nauðsyn þess að leitað verði allra leiða til að komast hjá raski á fornminjum. Verði ekki komist hjá raski þarf að sækja um leyfi til Minjastofnunar og geti það þá að verið háð skilyrðum.

Rask verður á Þráinsskjaldarhrauni sem nýtur verndar skv. 61 gr. náttúruverndarlaga, það verður þó að mestu á svæði sem þegar hefur verið raskað og eru áhrifin staðbundin. Í nágrenni framkvæmdarsvæðisins eru Reykjanesbraut, Þjónustuvegur Suðurnesjalínu og gamall skriðdrekaslóði. Nágrenni framkvæmdarsvæðis hefur því þegar manngert yfirbragð og telur Skipulagsstofnun að áhrif framkvæmdar á landslagsheild og ásýnd séu óveruleg. Hægt verður að draga verulega úr áhrifum á ásýnd með vandaðri hönnun og snyrtilegum frágangi í samræmi við áform framkvæmdaraðila.

Skipulagsstofnun telur mikilvægt að áhrifum á ásýnd verði haldið í lágmarki og sett verði skilyrði í deiliskipulag um hönnun, efnis- og litarval sem tryggi framangreint. Snorrastaðatjarnir eru mikilvægur viðkomustaður farfugla og kunna að fyrirhugaðar framkvæmdir koma til með að hafa neikvæð áhrif á fugla á framkvæmdatíma. Skipulagsstofnun telur því mikilvægt að framkvæmdir fari fram utan þess tíma sem farfuglar halda til á svæðinu og að í framkvæmdaleyfi verði sett ákvæði þess efnis.

### **Gerð og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar**

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi eiginleika hugsanlegra áhrifa einkum með tilliti til umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa, samlegðaráhrifa með með áhrifum annarra framkvæmda og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda vatnsból í sveitarfélaginu Vogum felast fyrst og fremst í áhrifum á jarðminjar. Rask verður á hrauni sem nýtur sérstakrar verndar á grundvelli 61. gr. laga um náttúruvernd. Forðast ber að raska slíku hrauni nema brýna nauðsyn beri til og einungis brýnir almannahagsmunir geti réttlætt röskun. Áhrifin verða varanleg og óafturkræf en bundin við afmarkað svæði sem þegar hefur verið raskað að hluta. Þá er hægt að draga verulega úr neikvæðum áhrifum með vönduðum frágangi.

Að mati Skipulagsstofnunar kalla því þættir sem falla undir eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.



Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 14. desember 2020.

Reykjavík, 9. nóvember 2020.

Egill Þórarinnsson

Tinna Jónsdóttir